

**Þingfundargerð 25. Þings Keilusambands Íslands
27. maí 2018 í Félagsheimili ÍR, Skógarseli 12,
Reykjavík.**

1. Þingsetning.

Ásgrímur Helgi Einarsson, formaður KLÍ setti þingið kl. 12.05.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Ásgrímur Helgi Einarsson tilnefndi Hafstein Pálsson sem þingforseta í 22. skipti og Valgeir Guðbjartsson sem þingritara og voru þeir samþykktir samhljóða. Þingforseti tók við stjórn þingsins og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við boðun þingsins, en svo var ekki.

3. Kosnar fastanefndir.

Ekki lágu fyrir tillögur um fulltrúa í nefndir, og komu uppástungur úr sal um fulltrúa.

a) Kjörbréfanefnd:

Arnar Daði Sigurðsson
Linda Hrönn Magnúsdóttir
Jónína Magnúsdóttir

b) Fjárhagsnefnd:

Sigríður Klemensdóttir
Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir
Höskuldur Stefánsson

c) Laga- og leikreglnanefnd:

Hafþór Harðarson
Stefán Claessen
Skúli Freyr Sigurðsson
Guðmundur Sigurðsson
Bragi Már Bragason

d) Allsherjarnefnd:

Jóhann Ágúst Jóhannsson
Aron Fannar Benteinsson
Magnús Reynisson

e) Kjörnefnd:

Sigurður Þorsteinn Guðmundsson
Nanna Hólm Davíðsdóttir
Þórunn Stefanía Jónsdóttir

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.

Ásgrímur Helgi fór yfir skýrslu stjórnar. Skýrsla yfir starfsemi KLÍ á síðasta ári liggur fyrir, en stiklaði ÁHE á stóru; Starfsmannahald KLÍ var óbreitt, PMP sem framkvæmdastjóri í hlutastarfi, og TÓ sem afreksstjóri í hlutastarfi. Huga þarf að útbreiðslumálum og halda áfram með það góða starf sem verið er að vinna í afreksstarfinu. Afreksstefna KLÍ var samþykkt á síðasta þingi en nú liggur fyrir að þarf að endurskoða hana og er vinna framundan við það. Robert Anderson var ráðinn sem tæknilegur ráðgjafi fyrir alla afrekshópa sambandsins, ásamt því að halda utan um afreksstarf karlahópsins. Astöðumálin hafa verið í brennidepli, enginn salur er sem stendur á Akureyri og ekki sér fyrir endan á því, Keiludeild Þórs hefur leikið heimaleiki sína í deildarkeppni á Akranesi og er það aðdáunarvert hve margir stunda keiluna frá Akureyri miðað við þessar aðstæður. Akurnesingar hafa vilýrði fyrir nýrri aðstöðu sem gæti komið upp fyrr en seinna, í Reykjavík er eini salurinn sem er í notkun fullsetinn og hefur ípróttin orðið að víkja fyrir afþreyingunni. Einnig stiklaði Ásgrímur á stóru yfir helstu mót á tímabilinu og úrslit úr þeim.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.

Sesselja Unnur Vilhjálmisdóttir, gjaldkeri KLÍ fór yfir ársreikningana. Tekjur urðu alls um 23,2 milljónir en gjöld um 23,9 milljónir, tap ársins var um 550 þús að teknu tilliti til fjármunatekna. Eigið fé er um 13,9 milljónir.

Þingforseti gaf orðið laust um reikningana: Engin spurning kom úr sal.

Þingforseti bar nú ársreikninga KLÍ til samþykktar, þeir voru samþykktir samhljóða.

Nú gaf þingforseti formanni kjörbréfanefndar Jónínu Magnúsdóttur orðið: mættir voru 28 fulltrúar; 10 fulltrúar frá Keildudeild ÍR, 7 fulltrúar frá KFR, 5 fulltrúar frá Keilufélagi Akraness, 1 fulltrúi frá ÍA, 2 fulltrúar frá Keiludeild KR og 3 fulltrúar frá Keiludeild Þórs. Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.

6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

SUV, gjaldkeri KLÍ fór yfir fjárhagsáætlunina. Áætlaðar tekjur umfram gjöld í endurmetinni áætlun fyrir 2018 fer úr 35 þús í um 360 þús í hagnað og áætlun fyrir 2019 gerir ráð fyrir um 75 þús kr. hagnaði. Þingforseti leggur til að vísa þessari áætlun til fjárhagsnefndar sem þingskjali 1.

7. Lagðar fram laga- og leikreglubreytingar þær sem fram hafa komið.

Þingforseti kallaði eftir hvort borist hefðu laga- og leikreglubreytingar. 5 tillögur lágu fyrir:

- a) Lög Keilusambands Íslands 12. Grein – þingskjal 2.
- b) Breyting á reglugerð um Íslandsmót Félaga, 1 og 3 grein ásamt breytingu í stigagjöf – þingskjal 3.
- c) Breyting á reglugerð um Íslandsmót einstaklinga 2 grein – þingskjal 4.
- d) Breyting á reglugerð um Bikarkeppni liða 3 grein – þingskjal 5.
- e) Breyting á reglugerð fyrir dómara 1 grein – þingskjal 6.

Tillögum öllum vísað til laga- og leikreglubreytinga.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem hafa borist til stjórnar.

Engar tillögur höfðu borist.

Þinghlé og nefndarstörf hófust kl. 12:35 og stóðu til 13:10 í þinghléi voru bornar fram góðar veitingar.

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.

Kjörbréfanefnd hefur lokið störfum.

Talsmaður Allsherhjarnefndar – Jóhann Ágúst Jóhannsson – Alsherjarnefnd lekur fram þingsályktun sem hér segir:

25 þing Keilusambands Íslands haldið 27 maí 2018 Skorar á ÍTR og ÍBR að aðstoða Reykjavíkurfélögin að standa vörð um keiluíþróttina vegna fyrirhugaðra veðrhækkanna Keiluhallarinnar. Ljóst er að fyrirhuguð veðrhækkun kemur mjög illa niður á Reykjavíkurfélögin sem mun hamla öllu mótahaldi þeirra og æfingum.

Þingsályktunin var samþykkt samhljóða.

Talsmenn Laga og leikreglnanefndar – Bragi Már Bragason og Skúli Freyr Sigurðsson – lagði fram þingskjal 3, og leggur nefndin til að þingskjalið verði samþykkt óbreytt: 1. gr. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt; tillaga nefndar samþykkt samhljóða. 3 gr. Nefndin leggur til að breytingin verði samþykkt óbreytt; tillaga samþykkt samhljóða. Stigagjöf: Nefnd leggur til að breyting á stigagjöf verði vísað til stjórnar til afgreiðslu; samþykkt samhljóma. Þingforseti leggur þingskjal með áorðunum breytingum til atkvæðagreiðslu, samþykkt samhljóða, eftir þessa breytingu þá er 1 og 3 grein í Reglugerð KLÍ um Íslandsmót F sem hér segir:

1. grein

Íslandsmót Félaga skal halda árlega, og leiknar skulu a.m.k. 3 umferðir þar sem leikið er allir við alla þannig að öll lið hafa að minnsta kosti leikið við öll önnur lið keppinnar. Hver umferð skal leikinn í sama húsi og með sama olúburð. Hverju félagi er heimilt að senda tvö lið til keppni, eitt kvenna og eitt karla. Sendi félag eitt lið til keppni má það vera blandað konum og körlum. Hvert lið skal skipað amk. 6 leikmönnum og að hámarki 8 leikmönnum (tveir varamenn) í hverri viðureign.

Kept er í opnum flokki þar sem öll lið sem skráð eru til keppni leika.

3. grein

Leikin er 3 leikja sería í umferð, þrjú tvímenningar eins félags á móti öðrum þrem tvímenningum annars félags. Hver tvímenningur keppir við alla tvímenninga hins félags, skipt um brautarpar eftir hvern leik. Skipta má inn á varamanni eftir hvern leik.

Stigagjöf

Grein um stigagjöf vísað til Stjórnar KLÍ til útfærslu og kynningar

Talsmaður Laga- og leikreglnanefndar – Bragi Már Bragason – leggur fram þingskjal 4 – og leggur nefndin til að breyting á 2 grein um reglugerð um Íslandsmót einstaklinga verði samþykkt, með þeirri breytingu að hámark forgjafar verði 80 pinnar; Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Síðan bar þingforseti reglugerðina; Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga – með áorðnum breytingum og var hún samþykkt samhljóða.

Eftir þessar breytingar þá er 2 grein í Reglugerð um Íslandsmót einstaklinga sem hér segir:

2. grein

Kept skal með og án forgjafar. Forgjög er 80% af mismun meðaltals og 220, hámark 80 pinnar. Ekki er hægt að hafa neikvæða forgjög og sé leimaður með hærra meðaltal en 220 skal hann hafa 0 í forgjög. Hámarksskor í einum leik verður aldrei hærra en 300. Til að hafa þátttökurétt í Íslandsmóti einstaklinga með forgjög þarf viðkomandi að hafa meðaltal viðurkennt af KLÍ úr a.m.k. 18 leikjum, annars er forgjög engin.

Talsmaður Laga- og leikreglnanefndar – Bragi Már Bragason – leggur fram þingskjal 5 – og leggur nefndin til að breyting á 3 grein um reglugerð Bikarkeppni liða verði samþykkt, með þeirri breytingu í síðustu málsgrein þá verði tekið út „skal leika 9. Og 10. Ramma“, en koma inn: „bætist við eitt upphafskast“; Samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

Síðan bar þingforseti reglugerðina; Reglugerð KLÍ um Bikarkeppni liða – með áorðnum breytingum og var hún samþykkt samhljóða.

Eftir þessar breytingar þá er 3 grein í Reglugerð um Bikarkeppni liða sem hér segir:

3. grein

Bikarkeppnin skal fara fram samhliða Íslandsmóti liða. Kept skal eftir útsláttarfyrirkomulagi. Hver viðureign skal vera a.m.k. þrjú leikir með möguleika á fjórða leik til að fá úrslit og síðan framlengingu, sjá hér á eftir. Það lið sem fyrr vinnur þrjú leiki telst sigurvegari.

Ef skor liða er jafnt í einhverjum þessara leikja skal hver leikmaður hvors liðs sem lék þann leik kasta einu kasti og skal samtala ráða úrslitum. Ef enn er jafnt bætist við eitt upphafskast í viðbót þar til úrslit liggja fyrir.

Ef hvort lið hefur unnið tvo leiki að loknum þessum fjórum leikjum skal framlengt. Í framlengingu skal leika 9. og 10. ramma og ræður samtala úrslitum. Ef enn er jafnt bætist við eitt upphafskast í viðbót þar til úrslit liggja fyrir.

Talsmaður Laga- og leikreglnanefndar – Bragi Már Bragason – leggur fram þingskjal 6 – og leggur nefndin til að breyting á 1 grein um reglugerð fyrir dómara verði samþykkt; smá umræður, t.d. þótti strangt að verði að skylda fyrirliða til að vera með dómara réttindi. Samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

Síðan bar þingforseti reglugerðina; Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga – með áorðnum breytingum og var hún samþykkt samhljóða.

Eftir þessar breytingar þá er 1 grein í Reglugerð fyrir Dómara sem hér segir:

1. grein

Í öllum A- og B-mótum að undanskyldum deildar- og bikarkeppni liða skal vera dómari viðurkenndur af KLÍ. Á Íslandsmóti liða og Bikarkeppni liða skulu fyrirliðar liða sjá um dómgæslu.

Þingskjal 2: lagabreytingar tillaga kom ekki úr nefnd; JÁJ fylgdi henni eftir; markmiðið með þessari reglugerðarbreytingu var að fá umræðu um verklag það sem hefur verið viðhaft, þ.e. að haldnir hafa verið formannafundir til að taka til afgreiðslu og samþykkja reglugerðarbreytingar. Verklagið hefur verið í mörgu gott og ef eitthvað þá tilfallið til að auka lýðræði innan keilunnar, og til að fækka málum sem fara fyrir keilubing. Hinsvegar hafa heyrst raddir um að KLÍ hafi ekki heimild í lögum KLÍ til að haga málum á þennan hátt, 10 grein laga KLÍ d-liðar segir að Starfssvið stjórnar KLÍ sé að semja leikreglur og reglugerðir fyrir keiluíþróttina. En þessi tillaga að 12 grein var meira til að formbinda þetta ferli sem er notað, Hafsteinn Pálsson hafði getið þess við JÁJ að þessi tillaga væri með þeim formgöllum að hún myndi væntanlega ekki fást staðfest af ÍSÍ. HP fékk þá orðið og nefndi að þetta hefði verið í umræðu í nefnd og þar hefði komið fram að þetta væri verklagsregla hjá stjórn að fara með reglugerðarbreytingar tillögur fyrir formannafund og þær sem kæmu af þeim fundi sem samþykktar tillögur þá afgreiddi stjórn þetta sem breytingar á reglugerðum KLÍ. Þetta ætti að vera öllum ljóst að þetta verklag væri viðhaldið til að ná sem mestri sátt um þær reglugerðarbreytingar sem kæmu frá KLÍ.

BMB bætti því við að eftir því sem lög væru ítarlegri og meiri þá væri meiri hætta á að menn færu að finna göt á lögnum. JÁJ – umræðan góð og nauðsynlegt að fá þetta fram og í þinggerð.

Talsmaður Fjárhagsnefndar – Sigríður Klemensdóttir; fjallaði um fjárhagsáætlun sem var lögð fram sem þingskjal 1. Nefnd leggur til að áætlun verði samþykkt óbreytt. Þingforseti tekur til athvæðagreiðslu – fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

Endurmetin áætlun 2018 gerir ráð fyrir hagnaði uppá 360 þúsund og áætlun 2019 gerir ráð fyrir 75 þús kr. hagnaði.

10. Önnur mál.

Hafsteinn Pálsson, bar kveðjur frá forseta og framkvæmdastjórn ÍSÍ – þakkar samstarf á liðnu ári og vonast eftir jafngóðu samstarfi áfram. Í starfi ÍSÍ hefur verið af ýmsu að taka, vetrarolympíuleikar ofl, það sem bar kannski hæst í þjóðfélagsumræðuni var METOO umræðan; ÍSÍ var búin að vinna ýmis upplýsingaefni, umræðan leiddi til þess að allt þetta efni var endurskoðað, fengið efni frá Norðmönnum og Svíum, sérstök nefnd var sett á laggirnar af Forsætisráðherra, þessi umræða hafði mikil áhrif og mun skila ákveðnum hlutum í betra horf, með betra upplýsingarefni og betri eftirfylgni. Minnst á samstarf íþróttahreyfingarinnar við Íslenska Getspá og hvað Getspá er mikilvæg fyrir hreyfinguna og nauðsyn þess að standa á bak við þá, gífurleg samkeppni við félög sem eru á netinu, með staðsetingu á aflandseyjum og annarsstaðar þar sem tekjur þeirra skila engu inn í íslenskt samfélag. Þess ber að geta að fyrir t.d. sérsamband eins og KLÍ þá eru tekjur sem koma beint og óbeint frá Getspá margar milljónir sem skipta svona sérsamband öllu máli. Kvennahlaup ÍSÍ er n.k. laugardag og eru allir hvattir til að taka þátt, núna eru konur hvattar til að draga karla og aðra úr fjölskyldu með sér.

Bragi Már Bragason – villdi vekja máls á því að úrslitakeppnin í efstu deildum karla og kvenna hefði verið hundleiðinleg og vildi vekja máls á því að stjórn og mótanefnd fynndi leiðir til að gera þetta meira skemmtilegt og fjölga áhorfendum.

Ásgrímur Helgi Einarsson – tók undir með Braga og nefndi að hann vissi að það væri verið að ræða þetta manna á milli, t.d. væri verið að ræða hvort væri hægt að hafa þetta á þann veg að klára efstu deildir karla og kvenna aðeins fyrr og taka síðan úrslitakeppnina samhliða síðustu umferð(um) í öðrum deildum. En komandi stjórn og mótanefnd þurfa að taka á þessu og afgreiða. En síðan er það að það þarf fólk í mótanefnd, það getur ekki gengið aftur að mótanefnd sé á herðum eins manns eins og var síðastliðið tímabil, félögin verða að skipa fólk í nefndina sem kemur að þessari vinnu.

Ásgrímur vék síðan að því að hann myndi stíga til hliðar sem formaður, og myndi ekki gefa kost á sér aftur.

Umræðum undir önnur mál lokið.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.

Talsmaður Kjörnefndar – Þórunn S. Jónsdóttir:

Formaður KLÍ: komið hefur fram framboð: Jóhann Ágúst Jóhannsson – skoðast réttkjörinn til 2 ára.

2 stjórnarmenn: 2 í framboði; Hafþór Harðarson og Ingi Geir Sveinsson – skoðast réttkjörnir til 2 ára.

3 í varastjórn: 5 í boði; kosning fór þannig:

1. Stefán Claessen 26 atkvæði rétt kjörinn til eins árs.
2. Björn Kristinsson 19 atkvæði rétt kjörinn til eins árs.
3. Einar Jól Ingólfsson 15 atkvæði rétt kjörinn til eins árs.
4. Valgeir Guðbjartsson 13 atkvæði
5. Bragi Már Bragason 11 atkvæði

Tillaga um að kjör fulltrúa og varafulltrúa á Íþróttabing ÍSÍ - vísað til stjórnar að taka ákvörðun um viðkomandi fulltrúa – samþykkt samhljóða.

12. Kosnir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.

Tillaga um Jón Grímsson og Þórir Ingvarsson – samþykkt samhljóða

Varamenn; tillaga um Pétur Helgason og Hjalta Ástbjartsson – samþykkt samhljóða.

13. Þingslit

Þingforseti gaf nýkjörnum formanni KLÍ – Jóhanni Ágústi Jóhannssyni – orðið; JÁJ byrjaði að þakka fráfarandi stjórn fyrir starfið það er ekki alltaf auðvelt að standa í þessu, en það þarf að halda áfram, óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið, og ítrekar orð ÁHE að það verður að fá fólk í nefndir, og fólk þarf að hafa hugfast að starfið verður ekki betra en fólkíð sem sér um starfið. Þakkar Hafsteini Pálssyni fyrir sín öruggu störf núna sem áður fyrir KLÍ.

Þingforseti sleit síðan þinginu og óskaði öllum góðarar heimkomu. Þingi slitið kl. 14:05